

Jarðvísindastofnun  
b/t. Bergrúnar Óladóttur  
Sturlugata 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. júlí 2019  
UST201906-243/I.M.B.  
09.04.00

## **Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Gjóskulagarannsóknir á Heklusvæði - Friðland að Fjallabaki**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Jarðvísindastofnunar, dagsett 24. júní 2019, um leyfi til gjóskulagarannsókna á Heklusvæði innan friðlands að Fjallabaki.

Friðland að Fjallabaki er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi fyrir sýnatöku vegna skráningar gjóskulaga og söfnunar gjóskusýna vegna gossögurannsókna á eldstöðvakerfum Heklu, Kötlu, Torfajökuls og Bárðarbungu. Opna þarf jarðvegssnið en valdir verða staðir, t.d. börð sem þegar eru opin og ekki í uppgræðslu. Við frágang verður gætt að raskið valdi ekki rofi síðar. Ekki er þörf á að aka utan vega en gengið verður frá vegi að rannsóknarstöðum og stígum fylgt þar sem því verður við komið. Tekin verða sýni í Dómadalshálsi þar sem vegurinn liggur niður af hálsinum, á bakka norðan við Frostastaðavatn og sunnan við Herbjarnarfellsvatn. Teknir verða nokkrir tugir lítilla (teskeiðar) gjóskusýna til efnagreiningar í örgreini. Gert er ráð fyrir að sýnaöflun taki einn til tvo daga á tímabilinu 29. júlí -12. ágúst 2019 og verða fjórir þátttakendur í rannsókninni.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur rannsóknarverkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Niðurstöður rannsókna gætu möguleg nýst til fræðslu um jarðsögu svæðisins.

### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Jarðvísindastofnun leyfi fyrir gjóskulagarannsóknum innan friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan, á tímabilinu 29. júlí – 12. ágúst 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Vandað verði við frágang eftir að sýnatöku lýkur. Þar sem opna þarf gróðursvörðinn skal honum lokað aftur að sýnatöku lokinni. Í sandi skal afmá för með hrífu eða álíka verkfæri
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin .
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask og þess gætt að allur búnaður verði fjarlægður.
- Starfsmenn rannsóknarverkefnisins skulu vera merktir þeirri stofnun sem þeir vinna fyrir, til dæmis með merktum sýnileikafatnaði og eða öðrum áberandi auðkennum meðan sýnaöflun fer fram innan friðlandsins.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Hákon Ásgeirsson  
Teymisstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur